

## Til félaga með lið í Íslandsmóti BLÍ

Reykjavík, 18. nóvember 2020

### Íslandsmót neðri deilda með breyttu fyrirkomulagi

Stjórn BLÍ hefur samþykkt tillögur mótanefndar að breyta keppnisfyrirkomulagi Íslandsmóts neðri deilda í vetur. Breytingin er gerð með tilliti til þess að einhverjar samkomutakmarkanir verði enn í gildi.

Stutta útskýringin á fyrirkomulaginu er sú að 10-12 liða deildir skiptast í tvo riðla og leikið í riðlum innan hvorrar deildar. Ráðgert að ná þremur helgarmótum þangað til annað kemur í ljós. Niðurröðun í riðla er í höndum mótanefndar.

Skv. nýjustu Covid reglugerðinni þá hljómar breytingin svona:

*Í 2.-4. d. kvenna og 2. og 3. d. karla skal leikið í sömu tveimur 5-6 liða riðlum á fyrstu tveimur helgarmótunum. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir spila við alla. Að loknum tveimur helgarmótum skulu á þriðja helgarmóti 3 efstu liðin úr hvorum riðli spila einfalda umferð allir við alla um sæti 1-6 (þrjú efstu liðin færast á milli deilda) og 3 neðstu liðin úr hvorum riðli spila einfalda umferð allir við alla um sæti 7-12 (þrjú neðstu liðin færast á milli deilda nema í 4. d. kvenna þar sem tvö lið færast niður).*

*5. og 6. d. kvenna skulu leiknar þannig að allir spila við alla tvöfalda umferð á þremur helgarmótum. Tvö lið færast á milli upp og niður á milli deilda.*

Mögulega þarf að fjölga keppnisstöðum og verður farið í þá vinnu á næstu dögum að kanna hvaða uppsetning hentar best.

### Bikarkeppni BLÍ með breyttu fyrirkomulagi

Stjórn BLÍ samþykkti tillögu mótanefndar að breyta núverandi fyrirkomulagi í bikarnum á þann veginn að leikin verður ein umferð áður en leikið er í 8 liða úrslitum í karla- og kvennaflokki.

Skv. nýjustu Covid reglugerðinni hljómar breytingin á þennan veginn:

*Bikarkeppni BLÍ skal leikin í fjórum umferðum. Í fyrstu umferð skulu leiknir jafnmargir leikir og þarf til að 8 lið komist í aðra umferð. Þurfi lið að sitja yfir í fyrstu umferð til þess að fjöldi liða í annarri umferð verði 8 skal draga yfisetuliðin úr hópi úrvaldeildarliða. Síðan skal draga í 8 liða úrlit (fjórðungsúrlit) meðal þeirra liða sem ekki sitja yfir. Í fyrstu tveimur umferðunum skal liðið í neðri deild fá heimaleikinn. Séu liðin í sömu deild fær það sem fyrr er dregið heimaleikinn. Í undanúrslitum og úrslitum telst það lið sem fyrr er dregið vera heimalið.*

### Mótahald yngri flokka

Íslandsmót yngri flokka sem átti að fara fram í október fellur út af mótaskrá ásamt héraðsmótinu sem var á dagskrá í lok nóvember. Keppnisbann er sem stendur í yngri flokkum og því ekki á dagskrá mótanefndar að setja á annað mót fyrir áramót.

Mótamál yngri flokka á nýju ári standa óbreytt og dagskráin heldur sér frá janúar með möguleika á að gera eitthvað seinna ef aðstæður bjóða upp á það. Völsungur og Huginn verða gestgjafar á héraðsmótinu í janúar en enn vantar mótshaldara á suðurlandinu. Áhugasöm félög geta haft samband við mótastjóra, [motastjori@bli.is](mailto:motastjori@bli.is)

Keppnisfyrirkomulag eftir áramót hjá yngri flokkunum verður skv. skipulagi, þ.e. eins og það var gefið út í haust.

Leikið verður í 6 manna blaki á bikarmótinu sem og Íslandsmótinu í vor hjá U15 og 14. Mótshaldarar héraðsmóta geta skipulagt sín mót eftir sínu höfði hvort sem umræðir 3ja manna blak eða 6 manna blak.

Unnið er að því að einfalda upplýsingar um mótamál yngri flokka á heimasíðu BLÍ.

*Fh. Stjórnar BLÍ*

*Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ*

*Óli Þór Júlíusson, Verkefnastjóri*